

Sp.

111. Tillaga til þingsályktunar

[95. mál]

um hámarkslaun o. fl.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærrí föst laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku. Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi, og eins fyrir hitt, að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar fríðinda, umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launabrepum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt í Ed. og í fyrra í sameinuðu þingi, og varð þá enn eigi útrædd.

Með ráðstöfun þeirri, sem hér er reifuð, hyggjast flutningsmenn koma því til leiðar að kjarabætur handa þeim, sem lægst eru launaðir, verði algjör og ófrávikjanleg forsenda hvernna launahækkunar til þeirra sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Að hyggju flutningsmanna er unnt, með því að lögbinda ákveðið hlutfall milli almennra launa verkamanns og hæstu launa, að búa svo um hnútana að kjarabætur til handa verkamönnum verði að beinu hagsmunamáli fyrir þá þegna þjóðfélagsins sem eru í sterkastrí aðstöðu til að hafa áhrif á stefnuna í efnahags- og kjaramálum landsmanna. Svo dæmi sé tekið, þá yrði það óframkvæmanlegt, eftir setningu slíkra laga sem hér eru ráðgerð, fyrir bankastjóra, sem nú munu hafa um það bil sexföld laun verkamanns, að veita sjálfum sér launahækkun samtímis því sem þeir úrskurða að ekki séu efnahagslegar forsendur fyrir almennri kauphækkun sem verkafólk hefur náð með harðri baráttu til þess að vega upp á móti kjararýrnun, sem runnin var undan rifjum hinna fyrrnefndu.

Það hefur komið fram fyrir skemmstu af munnri ráðherra, að þess munu þó nokkur dæmi að embættismenn ríkisins hafi óheyrilega há laun samanborið við þær tekjur sem verkafólki og hinum lægst launuðu starfsmönnum ríkisins eru ætlaðar til framfærslu, enn fremur að verulegur hluti launa hinna æðstu embættismanna er fólgin í ýmiss konar aukagreiðslum, sem ekki koma til álita þegar fjallað er um kjör annarra stétta til viðmiðunar. Að dómi flutningsmanna er það mikil nauðsyn að þannig verði staðið að kjaramálasamningum yfirleitt að þeir séu ekki til þess fallnir að auka á tortryggni meðal þegnanna, heldur skuli ástunda það að búa svo um hnútana að undirnálg geti þar engin orðið. Að dómi flutningsmanna er óþarft að kveða sérstaklega á í greinargerð um sérstöðu hluta sjómanna í launakerfinu, enda mála sannast að kauptrygging fiskimanna hlýtur að teljast til óhæfilega lágra launa, ef miðað er við vinnutíma, og ævitekjur fiskimanna við verkalok yfirleitt í rýrasta lagi.

Að frátöldum þeim rösku þremur árum, sem vinstri stjórnin sat hér að völdum, má heita að stefnt hafi verið markvisst að því síðustu 18 árin að auka launamismun hérlendis á kostnað framleiðslustéttanna og ýta með þeim hætti undir neyslukapphlaup í þágu svonefnds hagvaxtar. Er vægilega að orði kveðið þótt staðhæft sé að þróun þessi hafi síður en svo stefnt í þá átt að umbuna starfshópum eftir þjóðfélagslegum verðleikum.